

Fundargerð aðalfundar Umf. Hvatar

Mánudaginn 26. febrúar 2024 kl. 18:00 í norðursal Íþróttamiðstöðvarinnar á Blönduósi.

Mættir eru; Grímur Rúnar Lárusson, Auðunn Steinn Sigurðsson, Greta Björg Lárusdóttir, Guðmann Valdimarsson, Þorgils Magnússon, Þórólfur Óli Aadnegard, Stefán Ólafsson, Sigurgeir Þór Jónasson, Magnea Pálmadóttir, Erla Ísafold Sigurðardóttir, Erla Jakobsdóttir, Ingibjörg Signý Aadnegard, Viktoría Björk Erlendsdóttir, Gunnlaug Kjartansdóttir og Björn Vignir Björnsson.

Gengið var til dagskrár.

- Formaður setur fundinn** – Grímur Rúnar Lárusson, formaður Umf. Hvatar setti fundinn.
- Kosinn fundarstjóri og fundarritari** - Formaður lagði til að Auðunn Steinn Sigurðsson yrði kjörinn fundarstjóri og var það samþykkt einróma. Fundarstjóri tók þegar til starfa. Fundarstjóri lagði til að Grímur Rúnar Lárusson verði kjörinn fundarritari og var það samþykkt.
- Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram til samþykktar.** Fundarstjóri lagði fram fundargerð síðasta aðalfundar til samþykktar og var hún samþykkt.
- Formaður flytur ársskýrslu félagsins** – Grímur Rúnar Lárusson, formaður, flutti ársskýrslu félagsins.
- Gjaldkeri leggur fram reikninga til samþykktar** – Grímur Rúnar Lárusson fór yfir ársreikning aðalstjórnar vegna ársins 2023.
- Umræður um skýrslu formanns og gjaldkera og reikningar félagsins bornir upp til samþykktar** - Grímur gaf fundarmönnum kost á að spyrja um reikningana og ársskýrsluna og bar þá svo undir fundinn. Voru ársreikningarnir og ársskýrslan samþykkt samhljóða.
- Lagabreytingar** – Grímur Rúnar Lárusson, formaður óskaði eftir því að leggja fram tillögu að breytingu á 15. gr. laga Umf. Hvatar. Heimilt er að taka fyrir á aðalfundi tillögur til breytingu á lögum félagsins ef það er samþykkt með 2/3 hlutum greiddra atkvæða. Fundarstjóri lagði fyrir fundinn hvort taka tillöguna fyrir og var það samþykkt samhljóða.
Felst breytingin í því að í dagskrá aðalfundar bætist við liður nr. 10 sem ber heitið „Kosning fulltrúa og varafulltrúa á ársþing USAH“. Önnur mál verði þá nr. 11.
Fundarstjóri bar tillöguna undir fundinn og var hún samþykkt samhljóða.
- Stjórnarkjör aðalstjórnar**
 - Kosinn formaður**, Grímur Rúnar gaf kost á sér áfram og var það samþykkt.
 - Kosinn varaformaður**, Auðunn Steinn gaf kost á sér áfram og var það samþykkt.

- c. **Kosinn gjaldkeri**, Greta Björg gaf kost á sér áfram og var það samþykkt.
 - d. **Kosinn ritari**, Arnór Guðjónsson gaf kost á sér og var það samþykkt.
 - e. **Kosinn meðstjórnandi** Snædís gaf kost á sér áfram og var það samþykkt.
9. **Kosnir tveir skoðunarmenn og einn til vara** – Kristín Ingibjörg Lárusdóttir og Ingunn María Björnsdóttir gáfu kost á sér sem skoðunarmenn og var það samþykkt. Magdalena Berglind Björnsdóttir gaf kost á sér til vara og var það samþykkt.
10. **Kosning fulltrúa og varafulltrúa á ársþing USAH**
Snædís Aðalbjörnsdóttir og Arnór Guðjónsson munu mæta fyrir hönd aðalstjórnar Hvatar á ársþing USAH. Var það samþykkt samhljóða. Formaður upplýsti að Ingunn María Björnsdóttir muni mæta fyrir hönd sunddeildar Hvatar, Ingvar Björnsson fyrir hönd körfuboltadeildar Hvatar og Viktoría Björk Erlendsdóttir fyrir hönd frjálsíþróttadeildar Hvatar.
11. **Önnur mál**
- a. **Framboð í stjórn knattspyrnudeildar Umf. Hvatar.**
Formaður greindi frá því að sex aðilar hefðu gefið kost á sér í stjórn knattspyrnudeildar Umf. Hvatar en þau eru; Sigurður Bjarni Aadnegard sem formaður, Arnór Guðjónsson sem varaformaður, Guðmundur Arnar Sigurjónsson sem gjaldkeri, Gunnlaug Kjartansdóttir sem meðstjórnandi, Grímur Rúnar Lárusson sem meðstjórnandi og Þorgils Magnússon sem meðstjórnandi. Var það samþykkt samhljóða.
 - b. **100 ára afmæli Umf. Hvatar – Skipun fimm manna afmælisnefndar**
Formaður lagði til að Kristín Ingibjörg Lárusdóttir, Sigurður Bjarni Aadnegard og Grímur Rúnar Lárusson yrðu skipuð í afmælisnefnd. Var það samþykkt samhljóða.
 - c. **Húsnæðismál skrifstofu Umf. Hvatar**
Umræður urðu um húsnæðismál skrifstofu Umf. Hvatar til framtíðar.
 - d. **Eignir aðalstjórnar Umf. Hvatar**
Umræður urðu um eignir aðalstjórnar Hvatar og nýtingu þeirra.
 - e. **Blönduósvöllur**
Umræður urðu um Blönduósvöll.
 - f. **Stjórnir deilda innan Umf. Hvatar**
Umræður urðu um fyrirkomulag stjórna. Hugmynd kom upp um að ráða sameiginlegan framkvæmdastjóra fyrir allar deildir félagsins. Þá kom einnig upp hugmynd um að eingöngu yrði ein stjórn í félaginu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20:08.